

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir hverja matseiningu eignar kr. 420.000. Sé bifreiðageymsla sér matseining greiðist ekki stofngjald tilheyrir hún íbúðarhúsnæði á sömu lóð.

Hafi atvinnuhúsnæði verið skipt upp í fleiri matseiningar innan 3ja ára frá lokaúttekt byggingarfulltrúa skal greiða stofngjald fráveitu af fjölgun matseininga, sbr. 2. mgr.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa, þ.e. yfir 50 m.

3. gr.

Fráveitugjald er kr. 4.806 fastagjald á ári auk kr. 185,56 á hvern fermetra miðað við hverja matseiningu samkvæmt fasteignamati. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði er undanþegið fastagjaldi. Heimilt er að fella niður fastagjald af húsnæði sem ekki er tengt fráveitu. Ekki er innheimt fráveitugjald af húsnæði utan fráveitukerfis sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi miðast við byggingarvísitölu í desember 2006 (356,3 stig) og tekur breytingum í desember ár hvert í samræmi við breytingu á þeirri vísitölu.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 13. desember 2007.

*Borgarnesi, 2. janúar 2008.*

**Páll S. Brynjarsson** sveitarstjóri.